

MOSFELLSBÆR – SKÓLASKRIFSTOFA



KRIKASKÓLI - FORSÖGN

LÝSING Á HÚSNÆÐI, BÚNAÐI OG
STARFSHÁTTUM LEIK- OG GRUNNSKÓLA
FYRIR 1 ÁRS – 2JA TIL 5 ÁRA – OG 4 FYRSTU
ÁRGANGA GRUNNSKÓLA

2. ÚTGÁFA

ÞVERHOLT 2
270 MOSFELLSBÆR

Janúar 2007

SAMANTEKT

Mosfellsbær hefur ákveðið að vinna þróunarverkefni um hönnun, byggingu, mótun hugmyndafræði skólans og framkvæmd kennslu fyrir tvö hundruð barna skóla í Krikahverfi í Mosfellsbæ.

Auglýst verður eftir teymi fagfólks sem leggi fram tillögur um hugmyndafræði skólans og hönnun byggingar í samræmi við það og dómnefnd falið að vinna með þeim teyimum sem leggja fram frambærilegustu tillögurnar í gegnum svokallað samningskaupferli að frekari útfærslum.

Að því loknu verði ráðið starfsfólk og við ráðningu þess, svo sem skólastjórnenda og í framhaldi af því leik- og grunnskólakennara, verður haft að leiðarljósi að viðkomandi hafi áhuga á að koma að slíku þróunarverkefni og geti hrint í framkvæmd hugmyndum um fyrirkomulag uppeldis og kennslu í nýjum skóla.

Skólustarf skal taka mið af Skólastefnu Mosfellsbæjar um heildstætt uppeldis- og skólustarf í leik- og grunnskólum. Með því er átt við að kennsla, leikur, frístundastarf og skóladagvist barna sé samþætt í heild, bæði daglega en einnig árlega og milli ára og skólastiga.

Skólinn er ætlaður börnum á aldrinum eins til tveggja ára, leikskólabörnum á aldrinum tveggja til fimm ára og grunnskólabörnum á aldrinum sex til níu ára.

Lykilatriði er samfella í uppeldis- og skólustarfi sem og gæði og nýbreytni í þjónustu við leik- og grunnskólabörn.

1. ÞRÓUNARVERKEFNIÐ: HUGMYNDAFRÆÐI OG MARKMIÐ LEIK- OG GRUNNSKÓLA

Fyrirhuguð er bygging nýs leik- og grunnskóla í Krikahverfi. Mosfellsbær hefur tekið ákvörðun um að hrinda af stað þróunarverkefni, sem felur í sér að hönnun hússins og hugmyndafræði skólastarfsins falli saman. Gert er ráð fyrir að skólastarf geti hafist á skólaárinu 2007-8, þó lok byggingaráfanga verði síðar.

1.1. UMFANG VERKEFNIS

Mosfellsbær hefur ákveðið að leita eftir samstarfsaðilum sem koma vilja að þróunarverkefni um hönnun, byggingu, mótun hugmyndafræði skólans og framkvæmd kennslu fyrir leikskólabörn ásamt grunnskóladeildum fyrir yngsta stig (sem samsvarar 4 bekkjardeildum) í Krikahverfi í Mosfellsbæ. Í verkefninu felst að hönnun skólans og bygging taki mið af því skólastarfi sem þar er fyrirhugað. Mosfellsbær mun í framhaldi af því samstarfi taka fulla og óskipta ábyrgð á framkvæmd faglegs leikskólastarfs (kennsla, uppeldi og sérkennsla) samkvæmt aðalnámskrá leikskóla og öðrum lögum og reglugerðum, ásamt umsjón með rekstrarþáttum tengdum faglegu leikskólastarfi. Þá felst einnig í verkefninu grunnskólakennsla fyrir nemendur í 1. – 4. bekk í samræmi við lög og reglugerðir þar um, sem og leikskólastarf fyrir eins árs börn, sem tekur mið af reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum. Skólinn skal bjóða upp á heilsdagsskólaþjónustu í samræmi við stefnu Mosfellsbæjar þar um eins og fram kemur í Skólastefnu Mosfellsbæjar. Sem hluti af heilsdagsskólaþjónustu leik- og grunnskóla skal gera ráð fyrir að leikskólabörn og grunnskólanemendur fái minnst eina heita máltíð á dag, en aðra næringu í samræmi við þarfir og almenn hollustumarkmið.

1.2. MARKMIÐ VERKEFNIS

Markmið verkefnisins er að gefa börnum kost á að njóta handleiðslu sérmenntaðs fólks í uppeldis- og kennslufræðum og búa þeim uppeldisskilyrði sem efla persónulegan og félagslegan þroska þeirra. Einnig að þróa, efla og auðga leik- og grunnskólastarf í Mosfellsbæ með því að leita nýrra leiða til að auka nýbreytni og sveigjanleika í skólastarfi og veita áhugasömu fagfólki kost á að setja skýran kenningarlegan grundvöll í faglegu starfi skólans, jafnhliða sem mestri hagkvæmni og gæðum í skólastarfi.

Þannig skal sameina í einu markmiði mikinn faglegan metnað til að reka góðan leik- og grunnskóla með þeim skyldum og þeirri þjónustu sem þar ber að veita.

2. SAGA OG FORSENDUR

Með byggingu Krikaskóla er Mosfellsbær að koma til móts við þörf fyrir fleiri leik- og grunnskólarými samfara fjölgun íbúa í bænum. Áhersla verður lögð á aukna þjónustu og gæði í skólastarfi í samræmi við örar samfélagsbreytingar, m.a. með því að skapa samfellu milli skólastiga. Þá er lögð áhersla á áherslu á önnur uppeldismarkmið sem skipta máli fyrir börn samtímans, eins og markmið tengd hreyfingu, hollustu, leik- og listnámi, nýtingu upplýsingatækni. m.a. í samskiptum heimila og skóla. Þá er lögð áhersla á að nýta þau námstækifæri sem felast í lengingu skólavistar barna allt frá 2ja ára aldri í samræmi við breyttar áherslur íslenskra menntamálayfirvalda.

2.1. MARKMIÐ SVEITARFÉLAGSINS MEÐ KRIKASKÓLA

Stefnt er að því að Mosfellsbær stækki ört á næstu árum. Í samantekt um uppbyggingu skólamannvirkja sem lögð var fram á 165. fundi fræðslunefndar þann 23. mars, 2006 og staðfest á 439. fundi bæjarstjórnar, 29. mars, 2006, er lögð fram áætlun um fjölgun rýma fyrir leik- og grunnskólanemendur.

Þróun skólahalds við leik- og grunnskóla Mosfellsbæjar hefur á undanförunum árum tekið mið af þeim öru samfélagsbreytingum sem orðið hafa á íslensku samfélagi á undanförunum áratugum. Þjónustu- og upplýsingasamfélag nútímans hefur leitt til aukinnar innleiðingar upplýsingatækni í skólum, bæði sem námsefni en í vaxandi mæli sem verkfæri til náms. Þó einmenningstölvan hafi annars vegar aukið vægi einstaklingslegrar nálgunar með ýmsum hætti, en talið er að kennsla og kennsluhættir geti nýtt sér upplýsingatæknina til að auka og styrkja einstaklingsmiðað nám, þá er einnig rétt að taka það fram að upplýsingatæknin hefur samtímis aukið á samskipti manna með nýjum hætti til dæmis með tölvupósti og öðrum hraðvirkum samskiptaleiðum. Segja má að heimsþorpið hafi skroppið saman inn í kennslustofuna, þar sem þekking og upplýsingar frá öllum heimshörnum eru innan seilingar, jafn aðgengilegt leikskólabörnum sem grunnskólanemendum í gegnum hinn rafræna miðil.

Þetta hefur verið álitid mikilvægt og það blasir við skólafólki og sveitarstjórnarmönnum í Mosfellsbæ að ganga þarf í takt við samfélagsþróunina. Því hafa skólar í sveitarfélaginu fylgt eftir þessari hröðu þróun, bæði í atvinnulífi en einnig eins og hún hefur verið inn á heimilum. Leitað hefur verið leiða við að innleiða upplýsingatækni á ýmsum sviðum. Dæmi um þetta eru heimasíður leik- og grunnskóla í Mosfellsbæ, auk virkra rafrænna samskipta milli bæði stjórnenda og kennara grunnskólanna annars vegar og heimilanna hins vegar. Jafnframt má nefna þróun og not margs konar hugbúnaðar í leik, starfi og kennslu, en kennarar í Mosfellsbæ hafa verið studdir til smíða margmiðlunarefnis í kennslu.

En samfélagið hefur einnig breyst á ýmsan annan hátt sem hefur haft áhrif á skólastarf á undanförunum árum. Hér er einkum átt við aukna þjónustu og aðlögun þjónustu að þeim veruleika sem foreldrar og starfsmenn stofnana búa við dags daglega í íslensku samfélagi. Atvinnuþátttaka hefur aukist á undanförunum árum og endurspeglast í aukinni eftirspurn eftir

leikskólaplássum. Eftirspurn eftir heilsdagsvistun barna á leikskóla allt frá 2ja ára aldri og kröfur um aukið magn og gæði heilsdagsskólatilboðs grunnskólanemenda allt til 8/9 ára aldurs benda til þessa, jafnhliða því að önnur félagsleg úrræði til gæslu barna standa foreldrum í minna mæli til boða í nærsamfélaginu. Á sama tíma og möguleikum í nánasta umhverfi fjölskyldna til gæslu fer fækkandi eykst almennur skilningur á að yngstu grunnskólabörnin þurfa á auknum stuðningi og samskiptum við hina fullorðnu.

Í þessu felast auknar kröfur á sveitarfélög að auka gæði og umfang þjónustu við yngstu bæjarbúana og jafnframt siðferðileg skylda að standa undir því uppeldishlutverki sem lagt er á herðar stofnana og starfsfólks leik- og grunnskóla í þessu breytingarferli á uppeldisaðstæðum íslenskra barna. Hér má nefna að á undanförunum árum hefur vaxandi eftirspurn eftir þjónustu leikskólanna leitt til þess að þeir eru nú opnir allt árið, svo hægt sé að koma til móts við auknar kröfur um sveigjanleika, m.a. hvað varðar sumarleyfi barna, foreldra sem og starfsmanna.

Þá er rétt að nefna aðra áherslupætti í samfélaginu sem hafa áhrif á kennslu og uppeldisstarf og skipulag þess. Sem dæmi um þetta má nefna aukna áherslu á hreyfingu og hollustu í lífnaðarháttum og hefur það bein og óbein áhrif á skólastarf. Mikil viðvera, samfara aukinni skólavist frá unga aldri knýr á um að leikur og frítími barna sé virtur og ræktaður. Einnig er sífellt aukin áhersla á skipulagða gæslu og auknar námskröfur, allt frá leikskólaaldri. Áhrifa af styttingu náms til stúdentsprófa mun gæta á leikskólastigi, en með þeirri breytingu stendur til að færa námsefni framhaldsskólastigs í grunnskóla, og grunnskólanámsefni í leikskóla.

Í tengslum við þær hugmyndir um að styrkja og auka lífsgæði leik- og grunnskólabarna má geta þess að Mosfellsbær hefur um langan tíma lagt áherslu á að styrkja listnám, einkum tónlistarnám. Listaskóli Mosfellsbæjar hóf starfsemi sína á árinu 2006. Með tilkomu hans er lagður breiðari grundvöllur að eflingu listastarfs ungs fólks í bæjarfélaginu. Eitt af markmiðum Listaskóla Mosfellsbæjar er að auka samstarf við leik- og grunnskóla um listir og listnám. Ganga verður út frá því að nýr Krikaskóli taki mið af þessu.

Mosfellsbær hefur verið að þróa skipulag innri þjónustu milli skólastiga og er hægt að nefna ýmislegt þar að lútandi. Verkefnið “Brúum bilið” milli leik- og grunnskóla hefur verið við lýði í allangan tíma og er markmið þess að skapa meiri samfellu milli þessara tveggja skólastiga. Annað verkefni sem rétt er að nefna í þessu samhengi er staðsetning leikskóladeilda við grunnskóla, en á skólaárinu 2004-5 var fyrsta leikskóladeild 5 ára barna staðsett í Varmárskóla og á skólaárinu 2005-6 var 5 ára leikskóladeild einnig staðsett við Lágafellsskóla. Skólaárið 2006-7 eru starfræktar leikskóladeildir við báða grunnskólana. Með tilkomu Krikaskóla, sem verður samfelldur skóli frá 2ja til 9 ára, verður stigið enn stærra skref í þessum efnunum.

Í undanfara að áðurnefndri greinargerð um uppbyggingu skólamannvirkja í Mosfellsbæ fram til 2010 lét Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar útbúa forsögn um uppbyggingu skólahúsnæðis. Var skýrsla þessi unnin af IMG sem meðal annars leitaði til fagaðila, foreldra og nemenda um

hugmyndir þeirra um skólagerðir framtíðarinnar. Þessi skýrsla fylgir þessari forsögn og er þar að finna ýmsar hugmyndir um hvað þurfi að hafa til hliðsjónar við byggingu nýs skólahúsnæðis og mótun húsnæðis í samhengi við innra starf leik- og grunnskóla. Það er mat Skólaskrifstofu að taka beri mið af þessari greinargerð við forsögn fyrir skólastarf í hinum nýja leik- og grunnskóla í Krikahverfi. Nauðsynlegt er að horfa til framtíðar og í því samhengi er vísað til gagnlegrar samantektar á bls. 57 í skýrslunni.

2.2. FORSENDUR

Markmið þessarar forsagnar er að vera grunnur að þróunarverkefni um hönnun, byggingu, mótun hugmyndafræði og framkvæmd kennslu við skólann, ástamt greinargerð IMG. Gert ráð fyrir að í leikskólanum verði að meðaltali 24 börn í hverjum árgangi frá 2ja til 5ára aldurs. Við skólann verða tengdar grunnskóladeildir, u.þ.b. einn bekkur í hverjum árgangi frá 1. – 4. bekk grunnskóla, þ.e. yngsta stig grunnskólans. Þá verði einnig tengd við skólann þjónusta fyrir börn frá 12 - 24 mánaða aldri í samræmi við reglugerð um daggæslu barna í heimahúsi. Gera skal ráð fyrir að hönnun grunnskólalæininga við skólann og eininga sem leik- og grunnskóli nýta saman taki mið af aldursbreidd nemendahópsins og heilsdagsþjónustu/heilsdagsskóla, sem flétti saman nám, tómstundastarf og íþróttir.

2.2.2 ALDURSTIG SKÓLANS OG NEMENDAFJÖLDI

Um er að ræða leik- og grunnskóla fyrir börn á aldrinum eins árs til 9 ára.

Fjöldi barna:

- 1 árs: U.þ.b. 20 börn.
- 2ja til 5 ára: 20-26 börn í árgangi.
- 1. bekkur – 4. bekkur grunnskóla: 20-22 nemendur í árgangi.

Alls er því gert ráð fyrir því að skólinn rúmi 200-210 börn frá aldrinum eins til níu ára.

2.2.3 STARFSHÆTTIR

Leikskóli, eins til 2ja ára:

- Gert er ráð fyrir að þjónusta við eins árs gömul börn sé sambærileg og á sama grunni og þjónusta dagmæðra, sbr. reglugerð **907/2005**.
- Rekstrarform sambærilegt og kveður á um í reglugerð um daggæslu.
- Rými fyrir eins árs gömul börn skulu vera tvö og aðskilin (10)+(10).
- Rými pr. barn skal vera sambærilegt við kröfur sem gerðar eru til leikskólarýmis.

Leikskóli, 2ja til 5 ára:

- Starfsemi leikskólaárganga skal vera í samræmi við lög um leikskóla, 78/1994, reglugerð, 225/1995 með síðari breytingum, aðalnámsskrá leikskóla og Skólastefnu Mosfellsbæjar og samþykktum fræðslunefndar Mosfellsbæjar sem lagðar eru fram með lýsingu þessari.

Grunnskóladeildir, 6 til 9 ára:

- Starfsemi skal vera í samræmi við lög og reglugerðir um grunnskóla.
- Jafnframt skal tekið mið af Skólastefnu Mosfellsbæjar og samþykktum fræðslunefndar Mosfellsbæjar sem lagðar eru fram með lýsingu þessari.
 - Einkum skal hafa í huga hugmyndir um heildstæðan skóla og samþættingu grunnskólastarfs og frístundastarfs, svo veita megi heilsdagsþjónustu fyrir grunnskólabörn sem er sambærileg við leikskóla. Hér skal hafa í huga samstarf við Listaskóla og ÍTÓM (Íþrótt- og tómskundaskóla Mosfellsbæjar).

2.2.4 SAMFELLA MILLI SKÓLASTIGA

- Sérstaklega skal taka mið af því að samfella verði milli skipulags og starfshátta allra árganga leik- og grunnskólans í Krikahverfi, en jafnframt taka mið af þroska og aldri hvers og eins árgangs.
- Skólinn þarf að huga að samstarfsverkefni með Skólaskrifstofu og nágrennaskólum, sem lýtur að framhaldi náms grunnskólanemenda, með það að markmiði að brúa bil milli Krikaskóla og væntanlegs móttökuskóla.
- Þá má gera ráð fyrir samstarfi skólans við Íþrótt- og tómskundaskóla Mosfellsbæjar, hvað varðar frístundatilboð og samstarf við íþrótt- og tómskundafélög í bæjarfélaginu.
- Jafnframt má gera ráð fyrir samstarfi við Listaskóla Mosfellsbæjar .

2.2.5 SKÓLASKRIFSTOFA OG EFTIRLIT

- Skólinn mun njóta þjónustu Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar vegna sérfræðiþjónustu með sambærilegum hætti og aðrir leik- og grunnskólar Mosfellsbæjar, ef hugmyndafræði skólans leggur ekki annað til.
- Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar fyrir hönd sveitarfélagsins fer með eftirlitshlutverk með starfsemi og skólahaldi Krikaskóla í samræmi við lög og reglugerðir.

3. HÚSNÆÐI OG LÓÐ

Forsendur fyrir hönnun húsnæðis og lóðar miðast við að í Krikaskóla verði 200-210 börn, að í skólanum verði boðið uppá heilsdagsþjónustu og að hann nái til 2ja skólastiga, þ.e grunnskóla fyrir 6 til 9 ára og leikskóla, sem skiptist í tvær einingar, eina fyrir eins til 2ja ára börn og aðra fyrir 2ja til 5 ára.

FORSENDUR

Við hönnun byggingar og lóðar skal taka mið að reglugerð menntamálaráðuneytisins nr. 519/1996 um lagmarksaðstöðu grunnskóla og reglugerð nr. 225/1995 um starfsemi leikskóla.

3.1. RÝMI FYRIR LEIK OG HREYFINGU

Hafa skal í huga við hönnun byggingar og lóðar að hús og lóð taki bæði mið af þörf leik- og grunnskólabarna til leiks og hreyfingar. Hér er ekki eingöngu átt við afmörkuð rými sérhönnuð til hreyfileikja, heldur einnig að haft sé í huga að daglegur veruleiki og nám barna þarf með auknum hætti að miðlast í gegnum leik og að aukin þörf er á að flétta líkamspjálfun og hreyfingu inn í daglegt skólastarf. Við hönnun lóðar skal taka mið af hreyfiþroskalegri breidd barna frá eins árs til 9 ára og sjá til þess að viðfang og umgjörð taki mið af þessu.

3.2. HÚSNÆÐI OG KENNSLUHÆTTIR

Skipulag húsnæðis skal taka mið af starfs- og kennsluháttum.

- Við hönnun húsnæðis skal hafa til hliðsjónar skýrslu þá sem fræðslunefnd lét vinna (IMG) og leita bestu leiða til að nýta þær hugmyndir sem þar eru settar fram um framtíðarskóla - skóla á 21. öld. Hér skal sérstaklega bent á bls. 57-8. Lögð er áhersla á að þegar þeir sem koma til að starfa í skólanum hafa verið ráðnir í samræmi við verkferil (gögn VSÓ) sem fylgir þessum gögnum að þeirra sjónarhorn fái að koma að fram við hönnun og skipulag húsnæðis.

3.3. RÝMISÞÖRF

Heildarrými skal taka mið af eftirfarandi:

- Brúttó húsnæði leikskóla og daggæslu sé u.þ.b. 7 fermetrar á barn. (Leikrými skal að lágmarki vera 3 fm. per barn).
- Brúttó húsnæði grunnskóla sé u.þ.b. 10-11 fermetrar á grunnskólanemenda.

- Innan þessa rýmis skal geta farið fram öll lögbundin verkefni leikskóla og yngsta stigs grunnskóla.
- Taka skal mið af því að stjórnunar- og starfsmannarými samnýtist eftir því sem verða má, sem og eldhús- og mótuneytisaðstaða, en leik- og grunnskólabörnum skal boðið upp á skólamáltíðir í samræmi við það sem almennt tíðkast. Við hönnun eldhúss og mótuneytis skal taka mið af því hvort um aðkeyptan mat er að ræða eða hvort hann verður eldaður á staðnum.

4. FRAMKVÆMD ÞRÓUNARVERKEFNI

Eitt að verkefnum ráðgjafateymis með aðkomu að þróunarverkefni um hönnun, byggingu, mótun hugmyndafræði skólans og tillögum að framkvæmd kennslu er að móta í samvinnu við skólastjórnenda samstarfssamning um framkvæmd skólastarfs. Samstarfssamningur þessi væri nýlunda og þjónaði því hlutverki að varðveita hugmyndafræði sem fram kæmi í tillögum ráðgjafateymisins og jafnframt sem þjónustusamningur um fyrirkomulag kennslu og reksturs Krikaskóla.

Þá þjónar slíkur samningur einnig því hlutverki að fylgja eftir framtíðarhugmyndum um skólastarfið og forsendum þess, auk þess sem tryggt verði að forsendur hönnunar komi til skila í daglegu skólastarfi.

FORSENDUR SAMSTARFSSAMNINGS

4.1. ALMENNAR FORSENDUR

Samstarfssamning um þróunarverkefni um skólalund í Krikaskóla skal gera milli skólastjórnenda annars vegar og Skólaskrifstofu Mosfellsbæjar fyrir hönd bæjaryfirvalda. Samstarfssamningurinn verður hluti af þeirri vinnu sem ráðgjafarteymið mun inna af hendi í samvinnu við skólastjóra og hlutur ráðgjafateymisins hluti af þeirri nýju nálgun við kaup á hönnun og öðrum hugmyndum um mótun skólastarfs í hinum nýja skóla.

Í samstarfssamninginum skal koma fram í hverju hugmyndafræði skólastarfsins er fólgin og með hvaða hætti í gegnum þróunarverkefnið slíkum hugmyndum verði hrint í framkvæmd á komandi árum. Fram skulu koma almennir þættir hugmyndafræði skólastarfsins og jafnframt sérstakir áhersluþættir þróunarverkefnisins, sem byggðir eru á ráðgjöf teymis um hugmyndafræði skólastarfs.

Þá skulu koma fram almennir þættir skólastarfs eins og kveðið er á um í lögum og reglugerðum að skuli koma fram í skólanámsskrá leik- og grunnskóla, hvernig umsjón skólastarfs verði háttað, samstarfi við skólafyrirvöld, stjórnun, starfmannamálum og starfsmannahaldi, skipulag skólalunds og framkvæmd vinnunnar, faglega og fjárhagslega ábyrgð og aðrar hugmyndir um rekstur skólans.

Á grundvelli þessa samstarfssamnings verði gerður þjónustusamningur um rekstur og framkvæmd skólastarfs. Þar verði jafnframt kveðið á um eftirlitshlutverk, upplýsinga- og skýrsluhald, auk samstarfs við skólafyrirvöld.

4.2. FORSENDUR Á EINS TIL 2JA ÁRA STIGI

Taka þarf tillit til þess að þjónustu við eins árs gömul börn er nú sinnt af dagmæðrum. Miða þarf við að greiðsla foreldra vegna þessarar þjónustu taki mið af þessum markaðsaðstæðum. Bent skal á þá rekstrarmöguleika að sjálfstætt starfandi dagmæðrum væru búnar sérstakar aðstæður innan húsnæðis, en heimilt hefur verið að gefa leyfi til slíks reksturs ef tvær dagmæður starfa saman. En einnig er sá möguleiki til staðar að reka einingu yngsta stigs sem leikskóladeild.

4.3. FORSENDUR LEIKSKÓLASTIGS

Forsendur reksturs leikskóladeilda eru þær sömu og forsendur annarra leikskóla Mosfellsbæjar.

Leikskólarýmum verður úthlutað í samræmi við reglur Mosfellsbæjar um forfang og biðlista. Ef samstarfsaðili óskar þess að heimilt verði að úthluta leikskólaplássum á grundvelli þess að skólastefna Krikaskólans skapi eftirspurn eftir leikskólaplássum, skal kveða sérstaklega á um fyrirkomulag það í samstarfssamningi.

4.4. FORSENDUR GRUNNSKÓLASTIGS

Rekstur grunnskóla tekur mið af reglum um kvótasetningu á fjármagn til grunnskóla Mosfellsbæjar, en þar er ákveðin fjöldi stöðugilda, skv. viðmiðunarkostnaði / meðalkostnaði úthlutað á hvert innritað grunnskólubarn hverju sinni. Að sama skapi er kvótasettur annar almennur rekstrarkostnaður, sem margfeldi að ákveðnu þjónustumagni fyrir hvern nemenda. Reglur um kvótasetningu fylgja með þessari forsögn.

4.5. FORSENDUR BÚNAÐUR

- Búnaður skal vera í samræmi við reglugerð leikskóla þar um. Hér er m.a. um að ræða innanstokksmuni, leiktæki, ýmis áhöld sem börn nota í leik og starfi, hljómf lutningstæki og nýsitæki. (Sjá reglugerð 225/1995, II. kafli, 4. gr.).
- Búnaður skal vera í samræmi við reglugerð grunnskóla þar um og í samræmi við Skólastefnu Mosfellsbæjar um nýtingu upplýsingatækni, m.a. varðandi tölvuvæðingu skóla og nettengingu tölva í kennslustofum.
- Búnaður skal taka mið af uppeldisstefnu skólans og með þeim hætti að búnaður styrki og efli þroska barna og sé gagnlegur til leiks, þroska og þekkingaröflunar.

5. UPPELDISSTARF OG KENNSLA

Mosfellsbær ber faglega ábyrgð á uppeldisstarfi og kennslu í nýjum leik- og grunnskóla í Krikahverfi og skal kennsla fylgja aðalnámsskrá leik- og grunnskóla og Skólustefnu Mosfellsbæjar. Jafnframt verði leitað til nýráðins starfsfólks eftir hugmyndum um fyrirkomulag uppeldis og kennslu í nýjum skóla á grundvelli tillagna ráðgjafahóps um hönnun og hugmyndafræði skólustefnu Krikaskóla.

FORSENDUR KENNSLU

5.1. ALMENNAR FORSENDUR

Almennt skulu starfsmenn hafa til að bera nægilega hæfni, menntun og reynslu til að sinna þeim faglegu störfum sem vinna þarf í skólanum á hverjum tíma. Gera skal sömu kröfur til starfsfólks og gilda á öðrum stofnunum Mosfellsbæjar. Þeir skulu meðal annars uppfylla almennar kröfur um líkamlegt og andlegt heilbrigði, hafa ekki gerst brotlegir gagnvart börnum, ganga vel um (eigur og búnað), vera vel að sér í skyndihjálp og brunavörnum og vera bundnir þagnarskyldu um málefni barna og foreldra (einnig eftir að þeir láta af starfi í skólanum). Þessi upptalning er ekki tæmandi.

Í ráðningarsamningi skal kveða á um ráðningarfyrirkomulag starfsmanna þar sem tekið er á ofangreindum atriðum og öðrum eftir því sem við á.

Ef undirverktakar (t.d. dagmæður) eru ráðnir í tiltekna verkþætti í skólann skulu ofangreindar reglur einnig taka til þeirra.

5.2. FORSENDUR LEIKSKÓLASTIGS

Kennsla skal fylgja aðalnámsskrá leikskóla og Skólustefnu Mosfellsbæjar. Jafnframt er leitað til nýráðins starfsfólks eftir hugmyndum um fyrirkomulag uppeldis og kennslu í nýjum skóla í samræmi við framlagða hugmyndafræði Krikaskóla.

Fjöldi starfsmanna skal vera nægjanlegur samkvæmt lögum og reglugerðum, í samræmi við fjölda barngilda í leikskólanum á hverjum tíma. Leitast skal við að fullmanna leikskólann með fagmenntuðu starfsfólki eins og lög og reglugerðir gera ráð fyrir. Deildarstjórar skulu hafa menntun leikskólakennara. Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar getur samþykkt leyfi til að aðrir uppeldismenntaðir starfsmenn gegni stöðu deildarstjóra tímabundið.

5.3. FORSENDUR GRUNNSKÓLASTIGS

Kennsla skal fylgja aðalnámsskrá grunnskóla og Skólustefnu Mosfellsbæjar. Jafnframt er leitað til nýráðs starfsfólks eftir hugmyndum um fyrirkomulag uppeldis og kennslu í nýjum skóla í samræmi við hugmyndafræði um skólastarf í Krikaskóla.

Fjöldi starfsfólks skal vera nægjanlegur samkvæmt lögum og reglugerðum, í samræmi við fjölda nemenda í grunnskólanum á hverjum tíma. Leitast skal við að fullmanna skólann með fagmenntuðu starfsfólki eins og lög og reglugerðir gera ráð fyrir. Deildarstjórar skulu hafa menntun grunnskólakennara. Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar getur samþykkt leyfi til að aðrir uppeldismenntaðir starfsmenn gegni stöðu deildarstjóra tímabundið.

5.4. FORSENDUR STJÓRNUNAR

Taka skal mið af forsendum leik- og grunnskóla hér um eins og kveðið er á um í lögum og reglugerðum og leitast við að menntun og reynsla sé viðunandi bæði hvað varðar uppeldis- og kennslufræði svo og faglega stjórnun.

Fræðslunefnd lagði til við bæjarstjórn að staðfesta ofangreinda forsögn fyrir Krikaskóla á 176. fundi sínum þann 23. janúar, 2007, með eftirfarandi bókun:

Fræðslunefnd leggur til við bæjarstjórn að staðfesta framlagða forsögn þar sem lagt er til að hafinn verði undirbúningur að spennandi og metnaðarfullu þróunarverkefni við byggingu skóla í Krikahverfi. Í skólanum verður lögð áhersla á náið samstarf milli leikskóla fyrir eins árs til 5 ára og fyrstu fjóra árganga grunnskólans. Með þessu er Mosfellsbær að fara nýjar leiðir í skólaþróun í landinu.

Ennfremur leggur fræðslunefnd til að framkvæmdin verði með þeim hætti er fram kemur í minnisblaði VSÓ og annarri útgáfu á forsögn vegna Krikaskóla frá janúar 2007 og verði frekari úrvinnslu vísað til bæjarráðs, að höfðu samráði við tækni- og umhverfissvið, en fræðslunefnd verði upplýst um framgang málsins samhliða.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar staðfesti forsögnina á 459. fundi sínum, þann 31. janúar, 2007.